

## Skrímsli í vanda

Höfundar texta: Áslaug Jónsdóttir (Íslandi), Kalle Güettler (Svíþjóð) og Rakel Helmsdal (Færeyjum) Höfundur mynda: Áslaug Jónsdóttir (Íslandi) Forlag: Mál og menning, 2017. Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2018.

Söguþráður: Skrímsli í vanda fjallar um stóra skrímslið sem hlakkar til að hitta vin sinn, litla skrímslið. Á leiðinni til vinar síns hugsar stóra skrímslið um allt það skemmtilega sem þeir ætla að gera saman. En þegar það kemur þangað er loðna skrímslið þar fyrir. Í ljós kemur að loðna skrímslið getur aldrei snúið aftur heim til sín. Hvað kom fyrir?

Efnisorð: að tilheyra, að hlusta hvert á annað, samkennd, vinátta, lausn á vanda, vera útundan, tilfinningar, flótti

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðið myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar?

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Lýstu skrímslunum. Hvernig líta þau út? Hvernig líður þeim? Teiknaðu skrímsli.
3. Hefurðu einhvern tíma meitt þig og fengið plástur á sárið? Hvað kom fyrir?
4. Hvað heita skrímslin sem hjálpa þeim að byggja húsinn?
5. Þekkir þú einhver verkfæri sem eru notuð til að byggja hús? Eigið þið svona verkfæri heima hjá ykkur?

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Búðu til skrímsli með skærum og pappír. Hvað heitir skrímslið þitt og hverjir eru uppáhaldsleikir þess?
2. Ef þú mættir byggja þér hús, hvernig myndi það þá líta út? Teiknaðu!



ISBN 978-952-7486-59-7

3. Hvernig heldurðu að loðna skrímslinu líði? Af hverju heldurðu það? Finndu þrjú orð sem gætu lýst tilfinningum þess?

4. Hvernig heldurðu að loðna skrímslinu eigi eftir að líða í nýja húsinn sínu?

5. Búið til leikrit úr sögunni í minni hópum.

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Skoðið myndirnar af loðna skrímslinu? Hvað heldurðu að hafi komið fyrir það? Hvernig myndir þú bregðast við ef vinur þinn kæmi og bæði þig um hjálp?
3. Hvers vegna heldurðu að stóra skrímslið hafi viljað losna við loðna skrímslið? Hvers vegna heldurðu að erfiðara sé fyrir þrjá vini að leika sér saman en tvo?
4. Hvers vegna heldurðu að loðna skrímslið vilji ekki segja frá því sem komi fyrir?

ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Det var ikke en busk. Höfundur: Eli Hovdenak

MÁLAMOLI

# "Skrimsli"

sænska

Monster

danska

Monster

norska

Monster

íslenska

Skrimsli

færeyska

Skrimsl

grænlenka


Uumasorujussuaq

finnska

Hirviö

norðursamíska

Borrin



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)